

ins, ef framsetningsskoðananna hefir verið dálítið ísmeygileg. Og mörgum andlegum leiðtoga lýðsins hefir það komið að góðu haldi bæði fyr og síðar.

Orðið mentun eða ment er, eins og allir geta séð, náskyldt orðinu menning; og bæði eru dregin af orðinu maður, sem upprunalega var mannur, eins og beyging þess ber með sér. Samkvæmt uppruna sínum getur þá orðið mentun þýtt alt, sem yfirleytt einkennir menn og aðgreirir þá frá dýrunum. En það eru andlegir hæfileikar mannsins, sem lyfta honum upp yfir náttúruna. Vegna þess að hann hefir herra og fjölskrúðugra sálarlíf en dýrin, getur hann notað krafta sína, bæði líkamlega og andlega, til þess að hefja sjálfan sig upp og ná margskonar þroska, sem ekkert annað í hinni lífandi náttúru getur náð. Allur þessi þroski og yfirburðir er menning og mentun. Það sem þessi tvö orð tákna verður ekki nákvæmlega greint í sundur, þó að mentun eigi fremur við eintóma þekkingu, en menning við siði og verklegar framfarir. Það eru andlegu yfirburðirnir og þroski þeirra sem liggja til grundvallar fyrir því öllu.

Meðal forfeðra vorra hafði orðið ment víðtæka merkingu. Sá maður var vel mentur, sem hafði vel þroskaða hæfileika. Það var ment að vera leikinn í einhverju starfi, ef það var vandasamt, eða ein-